

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Borgarbraut 14, Borgarnesi

Stillholti 16-18, Akranesi

kt. 550399-2299

Símar: 433-7117 433-1070

Borgarnesi, 18. desember 2008.

Matfugl ehf.
Sveinn Jónsson
Völuteigi 2
270 Mosfellsbæ.

Á fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands, sem haldinn var 29. október s.l., var lögð fram umsókn og fylgigögn Matfugls ehf. vegna endurnýjunar fyrirtækisins á alifuglabúinu að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit.

Samþykkt var að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir starfsemina og gefinn var frestur til 12. desember s.l. til að koma með athugasemdir við tillöguna. Jafnframt var starfsleyfistillagan send sérstaklega til umsækjanda, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og Hvalfjarðarsveitar.

Engar efnislegar athugasemdir komu fram en bætt var inn g) lið í gr. 5 og einnig var bætt inn í gr. 6.2. að starfsmönnum Matvælastofnunar væri heimilt aðgangur að starfseminni til skoðunar og eftirlits. Var þetta gert að beiðni Matvælastofnunar.


Heilbrigðisnefndin gefur því út meðfylgjandi starfsleyfi með ofangreindum breytingum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Virðingarfyllst,


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
VESTURLANDS

framkv.stj. heilbrigðiseftirlits

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS



Starfsleyfi fyrir alifuglarækt

allt að 80.000 fugla eldi

Staðsetning: **Hurðarbak**

Heimilisfang: **Hvalfjarðarsveit**

Sími: **566 8877**

Póstnúmer: **301 Akranes**

Fullt nafn leyfishafa: **Matfugl ehf.**

Heimilisfang: **Völuteigur 2**

Kennitala: **471103-2330**

Póstnúmer: **270 Mosfellsbæ**

Sími: **566 8877**

Netfang: **tomas@matfugl.is**

Forsvarsmáður: **Sveinn Jónsson**

Kennitala: **030173-5119**

Útgáfudagur leyfis: **18. desember 2008**

Gildir til: **18. desember 2020**

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, matvælaeaglugerðar nr. 522/1994, reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 svo og öðrum reglugerðum sem gilda um starfsemina á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Starfsleyfið skal endurskoðað að jafnaði á fjögurra ára fresti. Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi. Framsal þessa starfsleyfis er óheimilt.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Borgarnesi, 18. desember 2008



Fylgiskjal með endurnýjuðu starfsleyfi

alifuglaræktar Matfugls ehf. að Hurðarbaki

Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir Matfugli ehf. kt. 471103-2330 endurnýjað starfsleyfi til að reka alifuglarækt að Hurðabaki í Svinadal, Hvalfjarðarsveit. Forsvarsmaður starfseminnar er Sveinn Jónsson, at. 030173-5119.

1. Um starfsleyfið

- 1.1. Gildistími starfsleyfisins er 12 ár frá útgáfudegi. Starfsleyfið skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Þá skal endurskoða starfsleyfið ef:
 - a) breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri. Allar breytingar á rekstri skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands með góðum fyrirvara þannig að a.m.k. gefist 4 vikur til að meta þær og hugsanleg áhrif á starfsleyfið.
 - b) fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hætta sem ekki var áður ljós.
 - c) gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gildir um reksturinn.
- 1.2. Starfsleyfið er gefið út af heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.3. Leyfið gildir fyrir eldi á kjúklingum, þar til þeir ná sláturstærð, í eldishúsum þar sem ekki skulu hafðir fleiri en 80.000 kjúklingar samtímis.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, m.s. br.
- 1.5. Eintak af starfsleyfinu skal ávallt tiltækt í fyrirtækinu og skal kynna öllum starfsmönnum ákvæði þess. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir að það starfi samkvæmt því sbr. viðurlög í VIII kafla laga nr. 7/1998.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

- 2.1. Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni (BFT) við reksturinn eftir því sem hún verður tiltæk, með eðlilegum aðlögunartíma fyrir fyrirtækið. Bestu fánlegu tækni er beitt til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. BFT nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðar og starfrækslu hans. Með BFT er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.
- 2.2. Yfirbragð búsins skal vera snyrtilegt, mannvirkjum vel viðhaldið og ekkert geymt á lóð þess óviðkomandi rekstrinum.
- 2.3. Rekstur búsins má ekki leiða til nokkurrar mengunar í ferskvatn á svæðinu.
- 2.4. Frárennsli frá salernum skal fara um rotþró og síubeð. Frágangur skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.
- 2.5. Hættuleg efni og efni sem verða að spilliefnum skal geyma og meðhöndla af sérstakri varúð. Leifum og úrgangi menguðum af slíkum efnum skal skila til viðurkenndrar móttöku. Starfsmenn skulu þekkja sérstaklega til þessara efna og skulu upplýsingar um þau ávallt vera starfsmönnum nærtækar.
- 2.6. Olíutankar eða -geymar skulu búnir lekavörn. Leiðslur frá þeim mega ekki bjóða upp á sjálfrennsli og krönum skal vera hægt að læsa.
- 2.7. Allan hæsnaskít sem verður til við starfsemina skal nýta sem áburð.
- 2.8. Vegna förgunar á skít sem mengaður er af salmonella skal fylgt reglum heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 2002 um það efni, og reglum sem Matvælastofnun kanna að setja.

- 2.9. Haughús fyrir hæsnaskít skulu rúma a.m.k. 6 mánaða birgðir, vera vökvaheldar, yfirbyggðar og vel við haldið.
- 2.10. Aðeins má dreifa skít á tímabilinu 15. mars – 15. júní og 15. september – 1. nóvember. Aldrei má dreifa á frosna jörð eða gegnblauta. Sé um dreifingu að ræða á öðrum tímum skal það háð sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar Vesturlands.
- 2.11. Bannað er að dreifa skít nær ám, lækjum eða framræsluskurðum sem leitt geta til mengunar í ám eða vötnum en sem nemur 10 m.
- 2.12. Dreifing skal miðast við hámark 170 kg N/ha/ár. Fylgjast ber með köfnunarefnisinnihaldi skítsins og dreifa í samræmi við þetta.
- 2.13. Sé skít dreift á ógróið land skal það gert í samráði við sveitarstjórn og samkvæmt leiðbeiningum frá Landgræðslu.
- 2.14. Bannað er að dreifa skít beint í læki, vötn og skurði. Þá skal við áburðardreifingu gætt ákvæða reglugerðar nr. 796 og 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns/grunnvatns.
- 2.15. Við áburðardreifingu skal tekið tillit til vindátta þannig að hún valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.
- 2.16. Bundið slitlag með niðurfalli skal vera við fóðurtanka og dyr þar sem afhending fugla fer fram.
- 2.17. Rekstraaðili skal halda uppi vöktunarmælingum til að kanna hvort starfsemi búans hafi áhrif á köfnunarefnisbúskap í Laxá í Leirársveit. Slíkar mælingar skulu fara fram að vori og hausti.

3. Úrgangur

- 3.1. Öll brennsla á hvers kyns úrgangi eða sorpi frá starfseminni er óheimil.
- 3.2. Hirða á sorpi og öðrum úrgangi af hvaða tagi sem er skal vera regluleg og engu safnað upp þannig að óþrif hljótist af.
- 3.3. Hættulegum efnum og spilliefnum s.s. lyfjaleifum, sprautunálum, rafgeymum og úrgangsolíu sem falla til við starfsemina skal haldið aðskildu frá öðru sorpi og skilað reglulega til aðila sem hafa starfsleyfi til að taka á móti þannig úrgangi. Halda skal eftir kvittun frá þeim aðila til staðfestingar á skilum.
- 3.4. Hræ skal geyma í þéttum ílátum sem skulu kæld eftir atvikum og losuð eftir þörfum, þannig að ekki hljótist ólykt eða önnur óþrif af. Þeim skal farga með því að færa þau til endurvinnslu eða urðunar hjá fyrirtækjum sem hafa til þess starfsleyfi.
- 3.5. Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í æti frá búinu.

4. Innra eftirlit

Fyrirtækið skal kynna Heilbrigðiseftirliti Vesturlands niðurstöður mælinga sbr. lið 2.16.

Fyrirtækið skal halda til haga upplýsingum um:

- a) Dreifingu á skít (dagsetningu, hvar dreift, magn og vindátt).
- b) Eftirlit og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.
- c) Mengunarslys af öllu tagi.
- d) Kvartanir vegna starfsemi búans.
- e) Staðfestingu á móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs.

5. Helstu lög og reglugerðir sem starfsemina varða og rekstraraðilar uppfylli

- a) Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- b) Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- c) Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999.
- d) Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

- e) Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- f) Lög nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum,
- g) Reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og út-ungunarstöðvum, með síðari breytingum.

6. Ýmis skilyrði

- 6.1. Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- 6.2. Almennigur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila. Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum, starfsmönnum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.
- 6.3. Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.
- 6.4. Fyrirtækinu ber að greiða Heilbrigðiseftirliti Vesturlands gjald vegna útgáfu og kynningu á starfsleyfinu svo og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er fyrirtækinu einnig skylt að greiða fyrir þær.

Borgarnesi, 18. desember 2008

